



SEKRETUM

Persónuverndarstefna



Almennt

SEKRETUM ehf. hefur einsett sér að tryggja trúnað, áreiðanleika og tiltækileika persónuupplýsinga í hvívetna.

Í persónuverndarstefnu þessari er því lýst hvernig SEKRETUM vinnur með persónuupplýsingar. Öll vinnsla fyrirtækisins fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“).

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga er sá aðili sem ákveður tilgang og aðferðir við vinnsluna, sbr. 6. tl. 3. gr. persónuverndarlaga. SEKRETUM ehf. er í hlutverki ábyrgðaraðila þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga sem persónuverndarstefna þessi tekur til.

Samskiptaupplýsingar SEKRETUM ehf.

- SEKRETUM ehf., kt. 620420-0260
- Bárugata 8-10, 300 Akranes
- sekretum@sekretum.is

Hvenær vinnur SEKRETUM ehf. með persónuupplýsingar?

Þegar þú ert viðskiptavinur okkar

Viðskiptavinir SEKRETUM ehf. eru alla jafna lögaðilar en geta líka verið einstaklingar. Til þess að viðskiptasamband gangi upp verður fyrirtækið að vinna með persónuupplýsingar, einkum í þeim tilgangi að uppfylla samnings- og lagaskyldur. Styðst vinnsla persónuupplýsinga þá við heimild í 2., 3. og 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar þú hefur samband í gegnum tölvupóst eða heimasíðu

Einstaklingar geta sent SEKRETUM ehf. fyrirspurn í tölvupósti eða haft samband í gegnum heimasíðu fyrirtækisins. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga veltur

HUGTÖK

Persónuupplýsingar

Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja til tiltekins einstaklings. Hér má nefna upplýsingar á borð við nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang, myndefni, netauðkenni, samskipti, bílnúmer o.fl.

Í 2. – 3. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tilgreint hvað fellur undir hugtökin „persónuupplýsingar“ og „viðkvæmar persónuupplýsingar“.

Vinnsla persónuupplýsinga

Með vinnslu á persónuupplýsingum er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar. Sem dæmi um vinnslu á persónuupplýsingum má nefna söfnun þeirra, skráningu, varðveislu, breytingu, miðlun, notkun, skoðun o.fl.

Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tilgreint hvað fellur undir hugtakið „vinnsla“.



á tilgangi fyrirspurnar hverju sinni. Ef um er að ræða almenna fyrirspurn frá einstaklingi kann hún að byggja á 1. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Ef um er að ræða fyrirspurn frá tengilið viðskiptavinar kann hún aftur á móti að byggja á 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Pegar þú bókar tíma fyrir kynningu

Á heimasíðu okkar er hægt að bóka tíma fyrir kynningu. Gjarnan eru það fyrirtæki sem bóka tíma hjá okkur og söfnum við þá nauðsynlegum tengiliðaupplýsingum í þeim tilgangi að verða við beiðninni. Heimild til þeirrar vinnslu byggir á 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Pegar þú hefur samband við okkur í gegnum Facebook eða Instagram

SEKRETUM ehf. er á Facebook og Instagram til að auka sýnileika fyrirtækisins og geta notendur miðilsins sent fyrirtækinu skilaboð þar. Heimild til vinnslunnar byggir þá gjarnan á samþykki þeirra, sbr. 1. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Pegar við höfum samband við mögulega viðskiptavini

Mögulegir viðskiptavinir SEKRETUM ehf. eru alla jafna lögaðilar sem þurfa að fylgja persónuverndarlögum. Til að koma þjónustu fyrirtækisins á framfæri er nauðsynlegt fyrir okkur að hafa samband við tengiliði þeirra. Vinnsla persónuupplýsinga styðst í þeim tilfellum við heimild í 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Pegar við auglýsum á samfélagsmiðlum

SEKRETUM ehf. kaupir og birtir auglýsingar á Facebook, Instagram og YouTube í þeim tilgangi að koma starfsemi fyrirtækisins á framfæri. Til að auglýsing skili sem bestum árangri er tiltekinn markhópur valinn þar sem notast er við breytur á borð við aldur, staðsetningu, hvort viðkomandi eigi fyrirtæki eða sé í stjórnunarstöðu innan þess. Vinnslan styðst í þessum tilfellum við samþykki sem einstaklingar veita miðlunum, sbr. 1. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Pegar við birtum leitarvélaauglýsingar

SEKRETUM ehf. kaupir og birtir auglýsingar á Google í þeim tilgangi að koma starfsemi fyrirtækisins á framfæri. Til að auglýsing skili sem bestum árangri birtir Google hana tilteknum markhópi, þ.e.



þeim einstaklingum sem leita að tilteknu orði, sem tengist starfsemi SEKRETUM ehf. á einn eða annan hátt, í leitarvél Google. Vinnsla persónuupplýsinga vegna þess styðst við 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Í vissum tilfellum birtir Google þér einnig persónulegri auglýsingar en kallar þá eftir samþykki þínu áður, sbr. 1. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar þú selur okkur þjónustu

SEKRETUM ehf. á í viðskiptum við ýmsa aðila, svo sem þá sem selja fyrirtækinu sérfræðiþjónustu, úthluta búnaði eða taka að sér ákveðin verk. Í slíkum tilfellum þarf fyrirtækið óhjákvæmilega að vinna með persónuupplýsingar, einkum í þeim tilgangi að uppfylla samnings- og lagaskyldur. Vinnslan styðst þá við heimild í 2., 3. og 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar þú vilt starfa með okkur

Ef einstaklingur vill starfa með okkur sendir viðkomandi gjarnan kynningarbréf og ferilskrá. Vinnur SEKRETUM ehf. þá þær persónuupplýsingar sem þar koma fram í þeim tilgangi að meta hæfi viðkomandi til starfans. Vinnslan styðst í þeim tilfellum við 2. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar þú notar heimasíðuna okkar

Vefkökur eru litlar textaskrár sem eru geymdar á tölvunni þinni eða í öðrum snjalltækjum þegar þú heimsækir heimasíðu. SEKRETUM ehf. notar eftirfarandi vefkökur:

Nauðsynlegar vefkökur. Þessar kökur eru nauðsynlegar svo heimasíðan okkar virki með eðlilegum hætti. Heimild til þessa byggir á 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila

SEKRETUM ehf. notar rafrænar lausnir frá þriðja aðila sem auðvelda fyrirtækinu að halda utan um og miðla upplýsingum. Eigendur lausnanna kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum í tengslum við þjónustu þeirra við kerfið. Fyrirtækið gerir ávallt vinnslusamning við viðkomandi þjónustuaðila í samræmi við kröfur persónuverndarlaga. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að gæta fyllsta trúnaðar, tryggja öryggi og fara eingöngu með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli SEKRETUM ehf.



Varðveislutími persónuupplýsinga

SEKRETUM ehf. geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er fyrir fyrirtækið að hafa þær undir höndum. Bókhaldsgögn eru geymd í sjö ár í samræmi við lög nr. 145/1994 um bókhald. Þegar ekki er þörf fyrir SEKRETUM ehf. að hafa persónuupplýsingar undir höndum lengur eyðir fyrirtækið þeim með öruggum hætti.

Réttindi þín

Þú nýtur ákveðinna réttinda samkvæmt persónuverndarlögum. Ef þú vilt neyta þessara réttinda þinna máttu hafa samband við okkur í gegnum netfangið sekretum@sekretum.is. Við höfum einn mánuð til að svara erindi þínu en getum framlengt frestinn um tvo mánuði ef beiðnin er sérstaklega umfangsmikil. Rétt er að taka fram að réttindi þín eru ekki fortakslaus og kunna að vera háð ákveðnum skilyrðum.

Hér er að finna yfirlit yfir helstu réttindi þín:

Réttur til aðgangs	<ul style="list-style-type: none">• Þú átt rétt á að óska eftir aðgangi að þínum gögnum og fá afrit af þínum persónuupplýsingum.
Réttur til leiðréttingar	<ul style="list-style-type: none">• Þú átt rétt á að fá upplýsingar um þig sem eru rangar og ónákvæmar leiðréttar.
Réttur til eyðingar	<ul style="list-style-type: none">• Í ákveðnum tilfellum getur þú átt rétt á að þínum persónuupplýsingum sé eytt.• Þetta á einkum við í þeim tilfellum þar sem upplýsingar eru ekki lengur nauðsynlegar, þú hefur andmælt vinnslunni, vinnslan reynist ólögsmæt, eða ef vinnslan byggir á samþykki sem þú hefur afturkallað.



Réttur til að andmæla vinnslu

- Byggi vinnsla á persónuupplýsingum á lögmætum hagsmunum, og þú telur að hún brjóti gegn grundvallarréttindum þínum, þá getur þú andmælt vinnslunni nema við sýnum fram á ríkari hagsmuni af því að halda henni áfram.

Réttur til takmörkunar á vinnslu

- Í eftirfarandi tilfellum átt þú rétt á að við stöðvum vinnslu persónuupplýsinga:
 - Ef þú véfengir að persónuupplýsingar séu réttar (þar til við getum staðfest að þær séu réttar).
 - Vinnslan er ólögmæt en þú vilt ekki að persónuupplýsingum sé eytt.
 - Við þurfum ekki lengur á upplýsingunum að halda en þú þarfnast þeirra til að hafa uppi, stofna eða verja réttarkröfu.
 - Þú hefur andmælt vinnslunni og við höfum ekki bent á ríkari hagsmuni af því að halda henni áfram.

Réttur til að flytja eigin gögn

- Þú getur átt rétt á að láta flytja gögn og það á við ef þú hefur afhent persónuupplýsingar um þig á rafrænu formi, þ.e. á algengu, skipulegu og tölvulesanlegu sniði. Þessi réttur á við í eftirfarandi tilvikum:
 - Ef vinnsla persónuupplýsinga byggir á samþykki eða samningi.
 - Ef vinnslan er sjálfvirk.
 - Þá þarf flutningur upplýsinganna að vera tæknilega framkvæmanlegur svo að rétturinn geti átt við.

Réttur til að afturkalla samþykki

- Í þeim tilfellum þar sem við byggjum vinnslu á samþykki þínu er þér ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki. Afturköllun á samþykki þýðir þó ekki að vinnslan sem fór fram áður en samþykki var afturkallað sé ólögmæt.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

- Teljir þú að ekki sé farið með persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög átt þú ávallt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd (www.personuvernd.is).

Öryggi persónuupplýsinga

SEKRETUM ehf. hefur gert öryggisráðstafanir varðandi tæknimál og skipulag í þeim tilgangi að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga. Aðgangi er stýrt að kerfum og húsnæði fyrirtækisins. Starfsmenn fá jafnframt þjálfun og fræðslu með reglubundnum hætti um hvernig gæta skuli að



öryggi persónuupplýsinga. Öryggisráðstöfunum þessum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær breytist, glatist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

Frekari upplýsingar

Hafir þú frekari spurningar um hvernig SEKRETUM ehf. meðhöndlar persónuupplýsingar þínar getur þú sent okkur fyrirspurn á sekretum@sekretum.is.

Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar sem verða á viðeigandi lögum og reglugerðum eða ef breytingar verða á því hvernig SEKRETUM ehf. vinnur með persónuupplýsingar.